

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1215
komudagur 21.2.2003



Nefndarsvið Alþingis / Félagsmálanefnd Alþingis
Helga E. Þórarinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. feb. 2003

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum 550. mál, vinnutímatilskipun, EES-reglur.

Samiðn fagnar framkomnu frumvarpi og telur mikilvægt að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Sérstaklega fagnar sambandið 22 gr. (65 gr. laga) frumvarpsins sem fjallar um að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Samiðn gerir hins vegar athugasemd við 19. gr. frumvarpsins um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma.

Skilgreiningin hvað varðar vinnu- og hvíldartíma er ekki nægjanlega skýr.


Lagt er til að skilgreiningin hvað varðar vinnutíma hljóði svo:

Hvíldartími: Tími sem ekki telst til vinnutíma og þar sem starfsmaður nýtur samfelldrar hvíldar frá störfum og starfsskyldum.

Lagt er til að skilgreiningin á vinnutíma hljóði svo:

Vinnutími: Tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum, veikindaforföll og lög- eða samningsbundið fæðingarorlof skulu teljast til vinnutíma og vera hlutlaus við meðtalsútreikninga. Þá skal sá tími sem starfsmaður er í launuðu starfsnámi teljast til vinnutíma.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga


Þorbjörn Guðmundsson